

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 751/2003 um skráningu ökutækja.

1. gr.

3. gr. breytist þannig:

Á eftir 5. tölulið 1. mgr. kemur nýr töluliður, 6. töluliður, sem verður þannig orðaður: afhenda megi skammtímaskráningarmerki til notkunar, sbr. 33. gr.

2. gr.

21. gr. breytist þannig:

Orðin „(án þjóðarmerkis)“ falla brott.

3. gr.

30. gr. breytist þannig:

Á eftir orðinu „fornbifreið“ í 1. málslíð og á eftir orðinu „fornbifreiðir“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: og fornbifhjól.

Í stað orðsins „bifreiðarinnar“ í 2. málslíð kemur: ökutækjanna.

4. gr.

31. gr. breytist þannig:

Orðin „bifhjól og“ í 1. málslíð og í fyrirsögn greinarinnar falla brott.

Í stað orðsins „ökutækjanna“ í 2. málslíð kemur: dráttarvélar.

5. gr.

33. gr. verður þannig orðuð:

Skammtímaskráningarmerki.

Heimilt er í eftirgreindum tilvikum að merkja ökutæki tímabundið áður en það er tekið í notkun, sbr. 1. og 2. gr., með sérstöku skammtímaskráningarmerki, það er:

- a. skráð ökutæki sem er án skráningarmerkja,
- b. forskráð ökutæki sem færa skal til nýskráningar eða
- c. ökutæki sem hefur verið afskráð og færa skal til endurskráningar.

Heimildin skal bundin við tiltekið ökutæki og skal skráð á merkið hve lengi má nota það.

Umferðarstofa kveður í verklagsreglum nánar á um skilyrði þess að merkja megi ökutæki með skammtímaskráningarmerki og um gerð merkisins.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 60. gr., 64. gr. a og 67. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 30. mars 1987 og með innleiðingu á 24c tölul. XIII. viðauka við EES-samninginn, með síðari breytingum, sbr. eftirfarandi yfirlit:

<i>Tölul. í XIII. viðauka</i>	<i>Gerðir EB/EBE</i>	<i>Birting EB/EBE gerðar í stjórnartíðindum EB</i>	<i>Ákvörðun EES-nefndarinnar</i>	<i>Birting EES-gerðar í EES-viðbæti við stjórnartíðindi EB</i>
24c	Tilskipun ráðsins nr. 1999/37/EB frá 29.04.1999	01.06.1999, hefti nr. 138, bls. 57	Nr. 177/1999	15.03.2001, hefti nr. 14, bls. 64
	Breyting: Tilskipun framkvæmdastjórar EB nr. 2003/127, frá 23.12.2003	16.01.2004, hefti nr.10, bls. 29	Nr. 129/2004	10.03.2005, hefti nr. 12, bls 41

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 23. maí 2005.

Sturla Böðvarsson.

Unnur Gunnarsdóttir.